

Kvikmyndasafn Íslands
Bt. Erlends Sveinssonar
Hvaleyrarbraut 13
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 16. maí 2013
1304346 ÁUB

Efni: Bæjarbíó

Samkvæmt bréfi dagsettu þann 24. apríl 2013 er óskað eftir því að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði fresti ákvörðun sinni um að fela Gaflaraleikhúsinu rekstur Bæjarbíós og framlengi samning við Kvikmyndasafnið, sem mun renna út 1. desember 2013, um tvö ár eða a.m.k. til vors 2014.

Árið 1996 gerðu Kvikmyndasafn Íslands, Hafnarfjarðarbær og menntamálaráðuneytið samning um að safnið ræki Bæjarbíó, hæfi þar rekstur svokallaðs safnabíós og héldi úti fjölbreyttri sýningarstarfsemi. Hafnarfjarðarbær studdi myndarlega við verkefnið með því að láta safninu húsnæðið í té endurgjaldslaust til ársins 2011, auk þess sem upphaflega var gert ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær stæði einnig straum af kostnaði vegna húshitunar og rafmagns fyrstu 5 árin. Í reynd hefur Hafnarfjarðarbær borið þennan kostnað allt til dagsins í dag auk þess sem safnið hefur haft húsnæðið án endurgjalds frá tímabundinni endurnýjun samnings til ársloka 2013. Þá studdi Hafnarfjarðarbær safnið með beinu fjárframlagi að upphæð 4 milljónir króna á árunum 1996 og 1997 og hefur þar að auki lagt töluverða fjármuni til nauðsynlegra breytinga og viðhalds á húsnæðinu á samningstímanum. Á verðlagi dagsins í dag nemur beinn stuðningur Hafnarfjarðarbæjar við rekstur sýningarhluta Kvikmyndasafnsins yfir 140 milljónum króna á samningstímanum.

Upphafleg áform um nýtingu hússins og þá starfsemi sem það átti að hýsa hafa hins vegar ekki gengið eftir nema að litlum hluta og starfsemi í húsinu verið í algjöru lágmarki. Við það hafa bæjaryfirvöld ítrekað gert athugasemdir.

Í dag ber Hafnarfjarðarbær verulegan kostnað vegna leigu húsnæðis af þriðja aðila undir leiklistar- og aðra menningarstarfsemi í bæjarfélaginu. Samningar þar að lútandi renna út um næstu áramót og því eðlilegt að bærinn skoði heildstætt með hvaða hætti þeim fjármunum sem ætlaðir eru til stuðnings við menningarstarfsemi í Hafnarfirði sé best varið.

Bæjarráð fjallaði um erindi Kvikmyndasafnsins á fundi sínum 2. maí sl. þar sem lögð var fram og samþykkt tillaga menningar- og ferðamálanefndar um breytt fyrirkomulag á rekstri Bæjarbíós. Óskaði bæjarráð eftir því að drög að samningi við Gaflaraleikhúsið lægju fyrir á næsta fundi ráðsins.

Í kjölfar samþykktar bæjarráðs óskaði Kvikmyndasafnið eftir fundi með bæjaryfirvöldum sem haldinn var 10.maí ásamt fulltrúa frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Á þeim fundi var ítrekuð beiðni Kvikmyndasafnsins um framlengingu á samningi við safnið að lágmarki fram að vori 2014.



HAFNARFJÖRÐUR

Bæjaryfirvöld vilja áréttta ítrekaðar beiðnir sveitarfélagsins um endurskoðun á aðkomu mennta- og menningarmálaráðuneytis að rekstri Kvikmyndasafnsins, ekki síst sýningarhluta þess.

Hafnarfjarðarbær telur að ekki séu forsendur til að endurskoða ákvörðun sína nema að til komi skýr vilji ráðuneytisins til að leggja meira fjármagn í sýningarhluta Kvikmyndasafnsins til að glæða Bæjarbío lífi.

Eins og fram kom á fyrrgreindum fundi aðila eru samningar bæjarins um leigu húsnæðis undir leiklistarstarfsemi lausir um næstu áramót og því mikilvægt að fyrir liggi niðurstaða um vilja ráðuneytisins í málinu sem allra fyrst, eða í síðasta lagi fyrir 31. maí nk.

Eftirfarandi er afgreiðsla bæjarráðs frá 2. maí sl. og afgreiðsla ráðsins:

”Lögð tillaga menningar- og ferðamálanefndar frá fundi 22.4.2013 varðandi nýtingu á Bæjarbío. Jafnframt lagt fram erindi Kvikmyndasafns Íslands dags. 24. apríl 2013 varðandi rekstur bíósins.

Bæjarráð tekur með 2 atkvæðum undir bókun menningar- og ferðamálanefndar og felur bæjarstjóra að undirbúa samning við Gaflaraleikhúsið um umsjón og rekstur Bæjarbíós, auk samninga við Leikfélag Hafnarfjarðar og Kvikmyndasafn Íslands um afnot af húsnæðinu til sýningarhalds. Óskar bæjarráð eftir því að drög að samningum liggi fyrir á næsta fundi ráðsins. Bæjarráð leggur áherslu á að við útfærslu nauðsynlegra endurbóta á húsnæðinu verði eftir fremsta megni tekið tillit til þarfa Kvikmyndasafnsins vegna sýningarhalds þess í húsinu og hugað verði að því að vernda það sem enn telst upprunalegt og hefur sérstakt varðveislugildi. Þá leggur bæjarráð áherslu á að sett verði fram raunhæf áætlun til næstu þriggja ára um endurbætur og breytingar á húsnæðinu sem miða að því að stuðla að fjölbreyttri menningarstarfsemi í Bæjarbío.”

Virðingarfyllst,

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir (sign.)
bæjarstjóri